

Fundur 26.5.2025 Jafet Moahed,

Góða kvöldið, góða kvöldið.

*Góða kvöldið.*

Mikil er orkan og tölum við úr stjörnusambandsstöð, ævinlega finnst mér orkan verða meiri er ég við ykkur tala og findist mér það mikilvægt að þið reynduð að skynja orkuna og komast á þessa tíðni.

Við höfum stundum talað fyrir daufum eyrum, en vonum nú að við fáum betri hljómgrunn, og höfum við oft talað fyrir því að ekki verður það stöðvað sem framrásin ber í skauti sér, en einstaklingana sé það að magnast og komast á framfara brautina og einstaklingarnir geta risið upp yfir fjöldann og hjálpað bræðrum sínum og systur.

Höfum við oft reynt að útskýra þetta, en erfitt er að byrja það mikla starf hjá fámennri þjóð, en hefur hún samt hið mikla samband sér til aðstoðar og munu þar ekki fyrirfram sannfæringar hamlar og er þar fólk ekki að trufla með hugmyndir þess efnis að við séum andar, og er það mikilvægt.

Höfum við reynt að tala við hinar fjölmennari þjóðir, en á hverjum tíma hentar sinn málflutningur, en ekki er öllum ætlað að stöðva framrás tímans, en þykir okkur það mjög mikilvægt ef hægt er að koma mannkyni ykkar í hóp þeirra frumlífs mannkynja sem nær fullu stjálfstæði og nær að eflast af eigin rammleik upp fyrir helstefnuna og á braut lífstefnunnar, eins og þið orðið það, og munum við enn sem fyrr aðstoða við það.

Og er mér það mikið í mun að koma þessum boðskap til skila, þar sem ég er þess fullviss að það sem sagt er í ykkar litla hópi muni dreifast víðar og valda hugarfarsbreytingum hjá þeim sem valdið hafa og fjármagnið og eru í forsvari fyrir þjóðirnar og sem möguleika hafa til að snúa stefnu mannkynsins í rétt horf.

Höfum við mikið reynt að hafa áhrif á hina völdugustu menn, en gengur það misvel og aðeins hægt að nokkru leiti.

Höfum við fyrr varað við því að sá sem stjórnar vegferð ykkar á samrunabraut véla og líffræði, er Jahve og ekki mun það enda vel, og stefnir það að auknum völdum slíkra helstefnu afla, en þarf að staldra þar við og hægja á ferðinni og auka sjálfstæði mannkynsins og samstillingu kærleika og þroska og vitneskju um hin ýmsu mál.

Og vorum við þeirrar gæfu aðnjótandi að fá aðvaranir í tíma og getað stoppað, en bræður okkar og systur sem skyld eru okkur á ská, hafa farið á þá þróunarbaut að missa tökin á sjálfsvitund sinni og meðvitund, og þjóna ekki aðeins Jahve, heldur öðrum slíkum og eru ekki lengur með fulla meðvitund eða þroska.

Og er það sérlega mikilvægt að stöðva þessa þróun véla og lífvera í tíma, áður en of langt gengur, og efla heilsu og þroska mannkynsins, og stuðla að jöfnum kjörum og auknum völdum þeim til handa sem minni fjármuni hafa á milli handa og hafa ekki tækifæri til að tjá sig, eða njóta maka og eignast afkvæmi og lifa við fákækt og stríð.

Jafet Moahed, hef ég talað til ykkar áður.

*Já já.*

Höfum við áhyggjur af margskonar málum þessum tengdum, en verður þetta að nægja, þakka ég fyrir mig og er það mjög gott af ykkur að halda slíka fundi.

Kveð ég ykkur, þakka fyrir mig, verið þið sæl.

*Vertu sæll.*